

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, A áfanga.

Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti 29. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, A áfanga.

Breytingin tekur til Goðaness 3b og felur í sér að opnu svæði sem liggur á milli Goðaness 3 og Njarðarness 10 er breytt í nýja lóð fyrir athafnastarfsemi. Flatarmál lóðarinnar verður 2.304,2 m² og hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,5. Hámarksþakhæð er 12,0 metrar og hámarksþakhalli er 35°.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 3. áfanga, Hagahverfi.

Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti 29. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 3. áfanga, Hagahverfi.

Breytingin tekur til Nausta II og felur í sér að afmörkuð er 9.328 m² lóð fyrir leikskóla úr landi Nausta II. Innakstur verður austan við lóðina frá Naustagötu. Heimilað er niðurrif bæjarhúsa á Naustum II og núverandi byggingarreitir falla út. Afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir tveggja hæða leikskólabyggingu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 13. nóvember 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.